



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um evrópska langtímafjárfestingarsjóði / FJR21090006
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	12. október 2021

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

- a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur lagt mat á þann kostnað sem hlýst af framfylgd fyrirhugaðra laga og metur áhrif innleiðingar umræddra reglugerða í núverandi mynd óveruleg og munu verkefni tengd þeim rúmast innan núverandi rekstraráætlana.

- b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum
Mat fjármálaeftirlitsins byggir á fenginni reynslu við framkvæmd eftirlits og af fjölgun verkefna.

- c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
Varanleg.

2. Tekjubreytingar

Engar breytingar verða á tekjum ríkissjóðs vegna frumvarpsins. Eftirlitsgjald, sem eftirlitsskyldir aðilar greiða vegna framangreindra verkefna, verður óbreytt.

3. Útgjaldabreytingar

Við mat á eftirlitsgjaldi hvers árs er tekið tillit til þess hver áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands verður. Líkt og segir í lið 1a) hér á undan metur fjármálaeftirlitið það sem svo að áhrif innleiðingar reglugerðanna í núverandi mynd verði óveruleg og að verkefni tengd þeim rúmast innan núverandi rekstraráætlana.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

Já, tekið hefur verið tillit til verkefna sem í frumvarpinu felast við gerð rekstraráætlana fjármálaeftirlitsins sem liggja til grundvallar gildandi fjárlögum og fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

2. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei. Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands tekur mið af umfangi starfseminnar. Ekki er gert ráð fyrir auknum umsvifum í starfseminni vegna fyrirhugaðrar lagasetningar fyrst um sinn.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið

Með innleiðingu reglugerðarinnar auk tengdrar framseldrar reglugerðar verður íslenskum rekstraraðilum sérhæfðra sjóða heimilt að markaðssetja ELTIF-sjóði innan EES. Eins gefst erlendum rekstraraðilum innan EES tækifæri til að markaðssetja slíka sjóði hér á landi.

ELTIF-sjóðir veita langtímafjármögnun til ýmissa verkefna sem erfitt getur verið að finna fjármagn fyrir, en þeir skulu fjárfesta a.m.k. 70% af fjármagni sínu í sk. hæfum fjárfestingum. Hæfar fjárfestingar fyrir ELTIF-sjóði eru m.a. ýmis innviðaverkefni með virði a.m.k. EUR 10 millj., t.d. á sviði samgangna, orku eða menntunar, og einnig skulda- eða eiginfjárgerningar útgefnir af fjárfestingarhæfum fyrirtækjum, þ.e. óskráðum fyrirtækjum eða skráðum fyrirtækjum með markaðsverðmæti að hámarki EUR 500 millj. Með því að veita fjármunum til slíkra verkefna stuðla ELTIF-sjóðir að fjármögnun á raunhagkerfi EES og framgangi stefnu ESB um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla. ELTIF-sjóðir geta hentað þeim sem þurfa að fjárfesta til lengri tíma, eins og t.d. lífeyrissjóðum og váttryggingafélögum og geta þeir veitt stöðugt tekjuflæði til fjárfesta. Á mótí er seljanleiki hluta í sjóðunum minni en ef keyptir eru annars konar fjármálagerningar. Langtímafjárfestingar geta haft víðtækan ávinning fyrir almenning þar sem þær styðja við nauðsynlega þjónustu og bætingu líf skjara.

Sjóðaformið sem um ræðir hefur notið takmarkaðrar velgengni innan ESB. Það hafa ekki verið settir upp margir ELTIF-sjóðir og þeir sem eru í rekstri eru með tiltölulega lágur fjárhæðir í stýringu. Er því verið að endurskoða reglurnar til að öðlast betri skilning á ástæðum þessa og finna lausnir á þeim atriðum sem koma upp.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnáslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

Reglurnar koma einungis til með að hafa áhrif á þá rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem ákveða að bjóða upp á umrædda ELTIF-sjóði. Slíkir sjóðir eru ekki starfræktir hér á landi, enda hefur íslenskt lagaumhverfi ekki boðið upp á það. Ekki er vitað hver eftirspurnin eftir stofnun sjóða á borð við þessa er.

Auknar skyldur verða lagðar á þá rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem kjósa að bjóða upp á ELTIF-sjóði, svo sem í tengslum við umsókn um staðfestingu fyrir sjóðina og um samþykki sem rekstraraðilar þurfa að afla frá fjármálaeftirlitinu til að reka ELTIF-sjóði og svo vegna eftirlits með t.d. markaðssetningu sjóðanna, viðskiptaháttum rekstraraðilanna, hagsmunaárekstrum o.fl. Ekki hefur verið leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur.

3. Samkeppnisskilyrði

a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)

Ekki eru taldar líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)

Ekki eru taldar líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd
- Fyrirhuguð lög ættu að auka samkeppni og samkeppnishæfni rekstraraðila, enda munu rekstraraðilar geta markaðssett sinn sjóð innan EES. Þá verða reglur um ELTIF samræmdar reglum innan EES.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með og án staðfestu á Íslandi)

Fyrirhugaðar lagabreytingar varða samræmdar reglur innan EES um evrópska langtímafjárfestingarsjóði og rekstraraðila slíkra sjóða og tengjast kröfum sem gerðar eru á því sviði. Með þeim hætti varða þær frelsi til þess að veita þjónustu yfir landamæri innan EES, en samræming við reglur annars staðar á EES er til þess fallin að greiða fyrir veitingu þjónustu þvert á landamæri.

2. Áhrif á jafnrétti kynjanna

Lögunum er ætlað að auðvelda aðgengi að langtímafjármögnun í m.a. innviðaverkefni og til óskráðra fyrirtækja og skráðra lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Karlmenn eru í meirihluta þeirra sem eiga og stjórna fyrirtækjum og verða því fyrir hagfelldum áhrifum af lögunum. Þá er algengara að karlmenn stýri sérhæfðum sjóðum en konur og með því að fjölga þeim tegundum sérhæfðra sjóða sem eru í boði gætu fleiri störf skapast sem líkur eru á að verði frekar sinnt af körlum. Almennt hafa karlmenn einnig meiri tekjur en konur og hafa því að öllu jöfnu fleiri tækifæri til fjárfestinga á borð við þær sem lögunum er ætlað að ýta undir.

Ganga má því út frá því að karlmenn verði fyrir meiri jákvæðum áhrifum af lagasetningunni en konur.

Matið byggir m.a. á gögnum frá Hagstofu Íslands og opinberum upplýsingum frá Credit info.

3. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni

Eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands verður umfangsmeira ef rekstraraðilar ákveða að bjóða upp á þetta nýja sjóðaform. Fram að því breytast umsvifin hins vegar ekki. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands er í stakk búið til að takast á hendur nýjar heimildir og verkefni sem áformunum fylgja, sjá umfjöllun undir liðum A.1.a. og A.3.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Ekki er gert ráð fyrir auknum umsvifum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna fyrirhugaðrar lagasetningar að svo stöddu, en komi til þess að rekstraraðilar ákveða að bjóða upp á þessa nýju sjóðategund gætu umsvifin aukist svo einhverju nemi. Er talið að áhrif innleiðingar reglugerðanna verði óveruleg og að verkefni tengd þeim rúmist innan núverandi rekstraráætla Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Áhrif á ríkissjóð verða engin.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Nei.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

Almenn áhrif fyrirhugaðra laga um evrópska langtímafjárfestingarsjóði eru talin verða jákvæð. Með fyrirhugaðri löggjöf verður til samræmd löggjöf um þessar tegundir sjóða og umhverfið hér á landi verður samkeppnishæft við umhverfi annarra ríkja innan EES.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?